

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Mýrdalshreppi.

Deiliskipulag – austurhluti í Vík.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkti á fundi sínum 15. maí 2025 deiliskipulag fyrir austurhluta Víkur í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Í deiliskipulaginu felst afmörkun á 10 ha svæði sem er staðsett nokkuð miðsvæðis í Vík og liggur sitt hvoru megin við núverandi hringveg. Innan svæðisins eru göturnar Austurvegur, Smiðjuvegur og Sléttuvegur. Meginmarkmið skipulagsins er að skilgreina skipulag lóða fyrir verslun og þjónustu samkvæmt áætlunum gildandi aðalskipulags.

Nýja deiliskipulagið tekur yfir hluta af deiliskipulagi austurhluta Víkur sem var skipt upp í þrjú minni skipulagssvæði. Með deiliskipulagi þessu fellur úr gildi hluti af deiliskipulagi austurhluta Víkur frá 2021.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag iðnaðarsvæðis í Vík.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkti á fundi sínum 21. ágúst 2025 deiliskipulag iðnaðarsvæðis í Vík í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Í deiliskipulaginu felst afmörkun á 26 ha svæði í austurhluta Víkur sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði, og eru afmarkaðar 30 lóðir ásamt götum, göngu-, hjóla- og reiðstígum. Einnig eru tveir sandfangarar staðsettir út frá fjörunni.

Nýja deiliskipulagið tekur yfir hluta af deiliskipulagi austurhluta Víkur sem var skipt upp í þrjú minni skipulagssvæði. Með deiliskipulagi þessu fellur úr gildi hluti af deiliskipulagi austurhluta Víkur frá 2021.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Vík í Mýrdal, 13. október 2025.

George Frumuselu skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 27. október 2025